



Skólaráðsfundur

Dagsetning: 29. janúar 2024

Fundarmenn sem voru mættir: Kristinn Guðlaussón skólastjóri, Auður Sólmundsdóttir og Axel Axelsson fulltrúar kennara, Inga Oddsdóttir fulltrúi annars starfsfólks, Dagný Rós Stefánsdóttir og Lisa Marie Mahmic fulltrúar foreldra, Eyvör Elva Einarsdóttir (forföll) og Agnes Harpa Antonsdóttir fulltrúar nemenda, Magnús Gunnarsson fulltrúi grendarsamfélagsins, Vala Stefánsdóttir aðstoðarskólastjóri (forföll).

1. Skóladagatal 2024-2025

- a) Skólastjóri fór yfir helstu sameiginlegu dagsetningar skóladagatalsins. Verður lagt fyrir fræðsluráð 7. febrúar. Við þurfum að skila af okkur skóladagatalinu í mars.

2. Framkvæmdir

- a) Undanfarið hefur verið farið yfir loftgæði í skólahúsnæðinu. Þær loftmælingar sem gerðar voru í haust komu vel út. Þrátt fyrir það hafa starfsmenn kennt sér lasleika og því vill bærinn skoða málið frekar. Verið er að skoða hönnun húsnæðisins.
- b) Holtasel aðstaða. Samþykkt var í haust af umhverfis- og framkvæmdasviði að skoða að færa útihús á leikvöllinn milli Hvaleyrarskóla og Álfasteins. Þetta var fært yfir á fjárhagsárið 2024. Það þarf að fylgja þessu eftir.
- c) Fulltrúi foreldra spurði um fleiri leiktæki og bættu aðstöðu á leiksvæði/skólalóð. Minna var sett upp síðastliðið sumar en gert var ráð fyrir. Fjármagn fór í annað viðhald. Skólastjóri mun fylgja málinu eftir

3. Skólanámskrá Hvaleyrarskóla 2023-2024

- a) Erum búin að skipta skólanámskránni upp þannig að sameiginlegur hluti allra árganga verði í sér hefti.

4. Starfsáætlun Hvaleyrarskóla 2023-2024

- a) Er í vinnslu/yfirferð. Erum einnig hér að velta fyrir okkur að skipa starfsáætluninni meira upp.

5. Vorhátíð foreldrafélagsins og Hvaleyrarskóla

- a) Búið er að ákveða dagsetningu 5. júní og stefnt er að hafa hátíðina með svipuðu sniði og í fyrra.

Næsti fundur: í lok febrúar 2024.

Fundi slitið kl. 15:45

Samantekt skráði: Kristinn Guðlaugsson skólastjóri og Auður Sólmundsdóttir kennari.